

Skólanámsskrá

Hálsaskógar



Efnisyfirlit	Sjálfbærni.....	19
	Sköpun og menning.....	21
Um leikskólann	Mat á námi og velferð barna.....	22
Saga Hálsaborgar og Hálsakots.....	Stoðþjónusta	23
Hugmyndafræði og áherslur	Innra mat	24
Menntastefna til ársins 2030	Áætlun um innra mat	25
Helstu áherslur í starfi og uppeldisfræðileg stefna	Ytra mat	26
Samskipti	Fjölskyldan og skólinn	27
Umhverfið	Aðlögun barnsins	27
Þroski.....	Kynningafundur og fyrsta viðtal	28
Uppeldi til ábyrgðar	Aðlögun á milli húsa	28
Leiðarljós	Viðburðir.....	28
Leikur og nám, starfshættir og leiðir.....	Upplýsingaflæði.....	30
Stjórnun og hlutverk kennara	Foreldraráð	31
Leikur og nám.....	Foreldrafélagið	31
Dagskipulag	Foreldrafundir.....	31
Útinám.....	Foreldrasamtöl	32
Föstudagsfjör.....	Samstarf.....	32
Grunnþættir menntunar	Skólasöngur Hálsaskógar	34
Læsi og samskipti	MÓÐIR JÖRÐ.....	34
Heilbrigði og velferð		

UM LEIKSKÓLANN

Leikskólinn Hálsaskógur tók til starfa 1.júlí 2011 er leikskólarnir Hálsaborg og Hálsakot sameinuðust. Leikskólinn er með tvær starfsstöðvar í húsunum **Borg** og **Kot**. Fljótlega eftir sameiningu var tekin ákvörðun um að aldursskipta húsunum í yngri og eldri.

Í Borg eru þrjár deildir fyrir börn á aldrinum 1-3 ára og eru 16-20 börn á hverri deild, alls 56 börn. Deildirnar í Borg heita **Furulundur**, **Reynilundur** og **Lerkilundur**.

Í Koti eru þrjár deildir fyrir börn á aldrinum 3-6 ára. Tvær deildir eru með 25 börnum og ein með 18 börnum, alls 68 börn. Deildirnar í Koti heita **Birkilundur**, **Grenilundur** og **Víðilundur**.

Í leikskólanum geta því dvalið 124 börn samtímis.

Leikskólinn Hálsaskógur starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla (nr.90/2008). Lögin kveða á um að leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu og starfar í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.



Hálsaskógur er í Hálsaseli 27-29, 109 Rvk.

Símanúmer: 411-3260

Netfang: halsaskogur@rvkskolar.is

Leikskólástjóri: Ásgerður Guðnadóttir

Aðstoðarleikskólástjóri: Bryndís Björk Eypórsdóttir.

SAGA HÁLSABORGAR OG HÁLSAKOTS

Hálsaborg tók til starfa 30. desember 1980.

Hann var þriggja deilda, tvær deildir fyrir börn á aldrinum 3-5 ára og ein deild fyrir 1-3 ára.

Hálsakot tók til starfa 2. maí 1985. Upphaflega var ein deild skóladaheimili og leikskóli á tveimur deildum og þá eingöngu með börn í hálf dags vistun. Í lok árs 1989 flutti skóladaheimilið annað og þriðja leikskóladeildin bættist við. Í framhaldi af þessum breytingum byrjaði heildagsvistun. Árið 2005 var byggt við Hálsakot og þá opnaði fjórða deildin.

„ Í LEIKSKÓLASTARFI MYNDA HUGTÖKIN UPPELDI, UMÖNNUN OG MENNTUN EINA HEILD. BÖRNUM ER SÝND VIRÐING OG UMHYGGJA OG ÞAU FÁ HVATNINGU OG VIÐFANGSEFNI VIÐ HÆFI. LITIÐ ER Á ÞAU SEM FULLGILDA ÞÁTTAKENDUR Í SAMFÉLAGI LEIKSKÓLANS. „

AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA, 2011



Þessir tveir leikskólar störfuðu hlið við hlið en innra starf og skipulag var samt fremur ólíkt. Við sameiningu hófst því vinna við að finna ný gildi fyrir nýjan skóla. Hálsaskógur hefur verið í stöðugri framþróun og niðurstaðan er nokkuð skýr sýn á hvað við viljum ná fram í leikskólastarfinu. Námskránni er gert að skýra áherslur í starfinu og sýn okkar á menntun yngstu barnanna.

HUGMYNDAFRÆÐI OG ÁHERSLUR



Leikskólinn Hálsaskógur starfar samkvæmt lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Leikskólinn hefur náttúru- og umhverfismennt að leiðarljósi. Á þeim grunni ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá sem inniheldur helstu sérkenni, menningu og starfshætti skóla.

Námskrá hefur það hlutverk að auðvelda bæði starfsfólki, foreldrum og öðrum sem áhuga hafa á að nálgast markmið leikskólans. Námskráin er unnin af starfsfólki leikskólans og hún er því tæki sem starfsfólk notar við skipulagningu verkefna og í mati á vinnu sinni með börnunum. Skólanámskrá Hálsaskógar er unnin af starfsfólki og hún er yfirfarin reglulega (apríl 2023).

Menntastefna til ársins 2030

Menntastefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 er metnaðarfull stefna fyrir leik- og grunnskóla í borginni með yfirskriftinni „Látum draumana rætast“. Allir skólar vinna markvisst að ákveðnum þáttum menntastefnunnar í samræmi við Aðalnámskrá. Nánar má fræðast um menntastefnu Reykjavíkurborgar hér:

[Um menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)



MEGINMARKMIÐ MENNTASTEFNU REYKJAVÍKURBORGAR ER AÐ ÖLL BÖRN VAXI, DAFNI OG UNI SÉR SAMAN Í LÝÐRÆÐISLEGU SAMFÉLAGI SEM EINKENNIST AF MANNRÉTTINDUM OG VIRÐINGU FYRIR FJÖLBREYTILEIKA MANNLÍFS.

Helstu áherslur í starfi og uppeldisfræðileg stefna

Aðalsmerki Hálsaskógar er að við leggjum áherslu á umhverfismennt í víðu samhengi þar sem **útinám** og **útivera** skipa stóran sess. Við lítum á hvern einstakling út frá eigin þörfum og leggjum mikla áherslu á að skapa börnunum öryggi í aðstæðunum. Við leitumst við að efla **sjálfshjálp** barna, **sjálfstraust** og trú á eigin getu. Þannig getum við eftt **félagsfærni** sem er dýrmætur eiginleiki að hafa með sér út í lífið. Samofið öllu starfi í leikskólanum er **læsi** sem er grundvöllur lærdóms. Við styðjumst við efnið um Lubba sem finnur málbein og vinnum markvisst með hljóðatáknin hans.

Allt starfsfólk vann saman að markmiðum um menntastefnu Reykjavíkurborgar og heitir verkefnið okkar **Vinirnir í Skóginum – sterk saman**. Það leggur áherslu á félagsfærni og læsi.

Leikskólinn leitar í smiðju kenninga fræðimannanna **John Dewey**, **Jean Piaget**, **Berit Bae** og **Mihaly Csikszentmihalyi**.

Leikskólinn er þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar, **Skóli á grænni grein**.


Hálsaskógur flaggaði sínum fyrsta fána sem sameinaður leikskóli árið 2013 en áður hafði Hálsakot verið þátttakandi frá því síðla árs 2003.



Innleiðing á uppeldisstefnunni **Uppeldi til ábyrgðar** hófst haustið 2016 og miðast áherslur í starfi við þá stefnu.

Í Hálsaskógi leggjum við áherslu á að starfa út frá **Barnasáttmála** Sameinuðu þjóðanna.

Leikskólinn er með **Regnbogavottun** og hefur allt starfsfólk fengið fræðslu frá samtökunum'78.



Samskipti

Berit Bae er norskur lektor í uppeldisfræðum og hefur hún um langt skeið helgað sig menntun leikskólakennara í Noregi. Rannsóknir hennar hafa beinst að samskiptum barna og fullorðinna í leikskólum en niðurstöður hennar benda til þess að viðhorf, viðmót og öll framkoma starfsfólks í leikskólanum gagnvart börnum og samstarfsfólki skapi forsendur fyrir þróunarmöguleika þessara aðila. Hennar hugmyndir fela í sér ákveðin grundvallaratriði sem þurfa að vera til staðar í uppbyggjandi samskiptum við börn. Þessi atriði eru *viðurkenning, staðfesting, skilgreiningarvald/binding og ígrundun/aðgreining.*

Umhverfið

Kennismiðurinn Dewey taldi mikilvægt að lögð sé áhersla á barnið, að það fái tækifæri til að vera skapandi, virkur og hugsandi einstaklingur. Umhverfi barnanna í leikskólanum þarf að einkennast af

áhugaverðum viðfangsefnum og vekja forvitni og veita tækifæri til úrlausnar. Barnið þarf að fá tækifæri til að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga. Dewey lagði einnig ríka áherslu á að ferlið sé aðalatriðið en ekki hvað kemur út úr því.

Þroski

Piaget var svissneskur þróunarsálfræðingur og hann sett fram kenningu um þróun vitsmunapróska. Hann leit á leik barna í samhengi við þroska þess. Hann skipti vitsmunapróska í fjögur stig og í leikskólanum erum við að vinna með fyrstu tvö stig vitsmunapróska út frá kenningum hans; skynhreyfistig og foraðgerðarstig. Piaget lagði mikla áherslu á leikinn og vitsmunapróska sem samþætta heild og við lítum svo á að börn læra í gegnum leik.



Flæði er hugmyndafræði sem kemur frá ungverska sálfræðingnum Mihaly Csikszentmihalyi. Hann starfar eftir hugmyndum jákvæðrar sálfræði en flæði telst vera hugarástand þegar einstaklingur er algjörlega staddur í andartakinu að vinna að ákveðnu verkefni og hefur af því ánægju. Athyglin og áhuginn er eingöngu á viðfangsefnið sem fengist er við. Þetta ástand sést gjarnan hjá listamönnum og íþróttamönnum. Þegar barn nær flæði í leik eða starfi er það að nema á besta hugsanlega hátt og er flæði mikilvægt fyrir þroska einstaklingsins.

Uppeldi til ábyrgðar

Er uppeldisfræðileg stefna sem ætluð er til að styðja starfsmenn skóla við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Uppeldi til ábyrgðar miðar að því að ýta undir ábyrgðakennd og sjálfstjórn barna og unglinga og átta sig á þörfum sínum. Við vinnum alltaf með öryggið þar sem það er grundvallarþörf allra einstaklinga. Í aðlögun gera öll börn *húsið sitt* með foreldri / forráðamanni sínum þar sem

límdar eru ljósmyndir af þeim og því sem skapar hverju barni öryggi. Húsin eru hengd í hæð barnanna inni á deild og þau geta leitað í þau hvenær sem þau óska.



Á eldri deildunum byrjum við að vinna með hlutverkin okkar í leikskólanum með því að vinna svokallað T-spjald þar sem hlutverk barnanna eru skoðuð annars vegar og hlutverk kennara hins vegar. Deildarsáttmálar eru unnir að hausti á öllum deildum og miðum við við að deildarsáttmálar séu tilbúnir 20. nóvember ár hvert á Degi mannréttinda barna. Deildarsáttmálar eru unnir út frá ákveðinni *uppskrift* þar sem börnin vinna í smærri hópum svokallað Y-spjald sem gefur þeim tækifæri á að ræða um hvað þau vilja sjá, heyra og finna í leikskólanum og á deildinni sinni.

LEIÐARLJÓŚ

Leikskólinn hefur valið sér þrjú leiðarljóś; **Leikur**, **virðing og vinátta**. Leiðir okkar í því að vinna út frá þessum gildum eru í aðalatriðum þessi:

Leikur

- Leikurinn er allan daginn
- Lærum í gegnum leikinn
- Gleði
- Vinnum með áhugasvið hvers og eins
- Frjáls leikur í hávegum hafður
- Sjálfsprottin leikur
- Útileikir
- Hreyfileikir og tónlistarleikir
- Fjölbreyttur efniviður til leiks
- Notum leikinn til að byggja traust

Virðing

- Virk hlustun, allir hafa rödd
- Góð og jákvæð samskipti
- Góðar fyrirmyndir
- Fordómaleysi
- Öll erum við einstök með ólíkar þarfir
- Efla sjálfvirðingu
- Að nálgast börn á þeirra forsendum

- Sanngirni, þolinmæði, áhugi og sveigjanleiki.
- Virðing fyrir umhverfi og náttúru
- Virðing fyrir samstarfsfólki
- Góðmennska

Vinátta

- Traust og heiðarleiki
- Umhyggja
- Opin og jákvæð samskipti
- Samkennd og væntumþykja
- Fordómaleysi
- Gleði
- Virk hlustun
- Deila með öðrum
- Málamiðlun
- Samvinna
- Hjálpsemi
- Umburðarlyndi og virðing
- Að tilheyra



LEIKUR OG NÁM, STARFSHÆTTIR OG LEIÐIR

Við leggjum áherslu á að starfshættir okkar endurspegli hugmyndafræðilegar áherslur leikskólans. Við nýtum okkur ýmsar leiðir til þess að endurspeglar þessar áherslur í gegnum leikinn með virðingu, vináttu og vellíðan í fyrirrúmi.

Stjórnun og hlutverk kennara

Í leikskólanum er lögð áhersla á að nýta þann mannauð sem er hverju sinni. Stjórnendur, kennarar, leikskólaliðar og leiðbeinendur fá tækifæri til að efla og þróa sig í starfi. Lögð er áhersla á dreifða forystu sem felur í sér að innan leikskólans starfar stjórnendateymi sem kemur að ákvarðanatöku og þróun leikskólans. Unnið er eftir starfslýsingum stéttarfélagana sem hafa samning við Reykjavíkurborg.



Leikur og nám

Leikurinn skipar veigamiknið hlutverk í öllu starfi okkar enda er leikurinn börnunum sjálfsprottinn og eðlislægur. Leikurinn getur veitt gleði og vellíðan en einnig getur leikurinn falið í sér valdabaráttu og átök. Börn leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum. Leikurinn er megin námsleið barna og skapar hann börnunum tækifæri til að læra og skilja umhverfið sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í leik barna verða til félagslegir hópar og við það verður til þeirra eigin menning. Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Leikurinn skapar vettvang þar sem spurningar vakna og börnin fá tækifæri til að leysa vandamál sem upp koma. Leikurinn getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn. Námssvið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmið þeirra við leik. Leikskólakennarinn kynnir

börnunum nýja möguleika og skapar þannig sameiginlega reynslu sem nýtist í leik. Í leik læra börn hvert af öðru en hlutverk hins fullorðna í leik barna er engu að síður mikilvægt og margþætt.



Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:


- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi
- veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa
- gefa leik nægan og samfelldan tíma
- gefa leik rými
- styðja við sjálfsprottunar athafnir og áhuga
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga
- styðja við og efla jákvæð samskipti
- sjá til þess að börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni

Þegar fylgst er með leik barna má sjá hvernig þau yfirfæra reynslu úr eigin lífi inn í leikinn. Þau miðla þeirri reynslu til annarra barna og víkka þar með reynsluheim félaga sinna. Í leiknum kemur upp ýmis konar ágreiningur sem börnin þurfa að læra að leysa á

friðsamlegan hátt. Á þennan hátt læra þau hvert af öðru og öðlast ný sjónarhorn.


Dagskipulag

Í dagsins önn er nauðsynlegt að setja upp ramma utan um starfið. Ákveðin rými nýttast öllum deildum svo sem Listalundur og Hreyfilundur. Stundirnar þar auk tónlistar vinnum við í lotum og leggjum aukna áherslu á eitt af þessu þrennu í hverri lotu fyrir sig.



Þetta skipulag er í þróun og hófst hjá okkur haustið 2021. Unnið er eftir fyrir fram ákveðnu yfirþema hverju sinni og er breytilegt hversu lengi hvert þema varir. Við leggjum enn fremur áherslu á að fá hugmyndir frá börnunum og leitumst við að vinna þemu eftir áhugasviði þeirra hverju sinni.

Málörvunarstundir eru fastar í dagskipulagi allra deilda þar sem Lubbi spilar stórt hlutverk og heita stundirnar því Lubbastundir. Skipulagt útinám fer fram fyrir hádegi þar sem markmiðið okkar er að öll börn fari í útinám vikulega. Elsta árganginum hefur boðist að fara í hreyfistund hjá ÍR í íþróttahúsinu við Seljaskóla vikulega og það er virkilega skemmtilegt uppbrot í daginn fyrir þau.



Dagskipulagið er í sífelldri þróun og er aðlagað að þörfum deildanna ár hvert. Gott rými er fyrir frjálsa leikinn innan dagskipulagsins og sveigjanleikinn er ávallt í fyrirrúmi.

Útinám


Útinám er stór hluti af starfinu okkar og er það í sífelldri þróun. Við leggjum áherslu á að njóta og upplifa og fléttum aðra þætti starfsins inn í útinámið. Þannig vinnum við t.d. með félagsfærni og læsi í gegnum útinámið með menntastefnuverkefninu okkar *Vinirnir í skóginum – sterk saman*. Við nýtum útinámssvæðið okkar og grenndarsvæðið okkar *Holtið*. Gönguferðir eru mikilvægur hluti af útinámi þar sem við kynnumst nánasta umhverfi leikskólans.



Holtið okkar


Föstudagsfjör

Einu sinni í viku, á föstudögum, er svokallað *föstudagsfjör* en þá eru allar deildir / öll svæði opin og er boðið upp á ákveðin viðfangsefni á hverjum stað. Börnin velja sér svæði eftir áhugasviði og fara á milli svæða eftir áhuga. Að loknu föstudagsfjóri er *vinafundur* þar sem börnin af öllum deildum í hvoru húsi hittast og syngja saman á sal fyrir hádegismatinn. Í þessum stundum er sungið fyrir afmælisbörn liðinnar viku.



GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru settir fram sex grunnþættir til menntunar sem tengjast innbyrðis og fléttast inn í allt skólastarf og eiga að endurspeglar starfshætti skóla. Grunnþættirnir eru sýnilegir í öllu skólastarfi og vinnubrögð kennara og annarra sem þar starfa mótast út frá þeim. Með því er stuðlað að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í leikskólastarfi. Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði, jafnrétti og sköpun.



Jafnrétti

Jafnréttismenntun felur í sér þau markmið að skapa jöfn tækifæri fyrir alla til að þroskast og rækta hæfileika sína. Mikilvægt er að draga fram fjölbreytileikann og fagna því að við búum í fjölmenningsamfélagi. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta eins og t.d. fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, menningar, trúarbragða, tungumáls og þjóðernis.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Byggja þarf upp jákvæða sjálfsmynd og skapa aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Efla þarf börnin í að taka eigin ákvarðanir sem tengjast heilbrigðu lífern. Þjóða skal upp á heilsusamlegt mataræði og tekið skal mið af þörfum allra.

Lýðræði og mannréttindi

Mikilvægt er að í öllu námi, í viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga barnanna. Allir eiga að búa við mannréttindi og fá tækifæri til að hafa áhrif á líf sitt og samfélag. Lögð er áherslu á að börnin taki virkan þátt í mótun skólastarfsins.

Sköpun

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleikana. Mikilvægt er að virkja forvitni hjá börnum. Sköpun á sér stað í öllum námsþáttum þar sem leikurinn er námsleið. Hlutverk þeirra fullorðnu er að hvetja börnin til að sýna frumkvæði og skapandi hugsun og nota til þess fjölbreyttan efnivið.

Grunnpættir menntunar frh.

Grunnpættir menntunar standa aldrei stakir heldur leggjum við áherslu á samþættingu þessara þátta í leikskólalastarfinu. Hver þáttur fær sitt vægi eftir mismunandi leiðum og þema hverju sinni.

Læsi

Hugmyndir manna um læsi hefur breyst og er það í takt við samfélagslegar breytingar þar sem tölvur og stafræn samskipti eru orðin hluti af daglegum venjum fólks. Í leikskólum er lagður grunnur að læsi og er talað um *bernskulæsi*. Í gegnum leik eru börnin virkir þátttakendur í því að umskrifa og umskapa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast við á persónulegan og skapandi hátt.



Sjálfbærni

Með börnum á leikskólaaldri leggjum við áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt. Við leggjum upp með að börnin kynnist, skilji og virði náttúruna í sínu nánasta umhverfi. Þannig eflist skilningur á eigin vistspori og síðar vistspori samfélaga sem áfram stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. Í sjálfbærnimenntun er grundvöllurinn að sýna fram á *getu til aðgerða*.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra og þau nota ýmsar leiðir til tjáskipta. Í gefandi samskiptum og leik styrkjast félagsleg samskipti. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur í öllum samskiptum. Læsi í leikskóla felur í sér að auka þekkingu, leikni og hæfni barna til að geta lesið í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Læsisáætlun Hálsaskógar er byggð á Læsisstefnu Breiðholts. Læsisstefna Breiðholts var samvinnuverkefni á milli leik- og grunnskóla í Breiðholti.

Markmið:

Leikskólum ber að skapa eftirfarandi aðstæður fyrir barnið:

- leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsamlegan hátt
- vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi
- tjá sig með fjölbreyttum hætti (líkamlega, munnlega og í skapandi starfi)
- leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum bókstafa
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- ræða málefni og hlusta á aðra
- nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Leiðir:

Við leggjum áherslu á lestur og fá börnin í Hálsaskógi lestrarstund að jafnaði tvisvar sinnum á dag. Við reynum að gera umhverfi okkar læsishvetjandi með því að hafa ritmálið sýnilegt og að börnin hafi greiðan aðgang í fjölbreyttan efnivið sem hefur það að markmiði að efla læsi þeirra. Leikskólinn er þátttakandi í verkefni í Breiðholti sem heitir „Læsi allra mál“. Verkefnið er sameiginlegt með Suðarmiðstöð og leik- og grunnskólum í Breiðholti. Við kappkostum við að nýta tækifærin sem koma upp í daglegu starfi til að eiga samræður og hvetjum til uppbyggilegrar umræðu. Við notum þau verkfæri sem til eru, svo sem bækur, spil og fleira sem styður við læsið. Við vinnum með efnið *Lubbi finnur málbein* og á hvert barn sitt lubbatákn sem er tákn sem vísar í fyrsta hljóðið í nafni barnsins. Lubbatáknin eru sýnileg á hölfum barnanna í fataklefanum og þau er fljót að tileinka sér sitt tákn og hljóðið sem fylgir því.



Heilbrigði og velferð

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing er stór þáttur í daglegu starfi í leikskóla og mikilvægt að veita börnum tækifæri til að hreyfa sig bæði með skipulögðum hreyfistundum og frjálst. Jákvæð samskipti er lykilþáttur í því að skapa vellíðan og hefur áhrif á heilbrigði og velferð barna. Leikskóli með skólabrag þar sem viðhöfð eru jákvæð samskipti, vinátta, virðing, samhygð og umburðarlyndi eykur líkur á vellíðan.



Markmið:

Leikskólum ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan með eftirfarandi áhersluþáttum:

- sýna umhyggju
- sjá um persónulega umhirðu
- þekkja holla næringu
- stunda fjölbreytta hreyfingu
- stunda ögrandi og krefjandi útivist
- stunda slökun og hvíld
- sýna tilfinningalegt jafnvægi
- eiga jákvæð samskipti
- njóta félagslegra tengsla

Leiðir:

Leikskólinn leggur ríkulega áherslu á að bjóða börnum hollan og góðan mat. Nær allur matur er eldaður frá grunni og matseðill er unnin út frá ráðleggingum landlæknisembættisins um mataræði barna. Leikskólinn fylgir íslenskum hefðum og fagnar bolludegi, sprengidegi, þorranum og fleira. Útivera er lykilþáttur í okkar starfi og fara öll börn út a.m.k. einu sinni á dag. Við leggjum upp með að fara í

gönguferðir um nánasta umhverfi og búa til tækifæri til að hreyfa sig við hinar ólíku aðstæður sem finna má úti. Holtið er grenndarsvæði sem við nýtum okkur í útinámi eins og kostur er á meðan veðuraðstæður leyfa. Elsti árgangur fer í skipulagða íþróttatíma einu sinni í viku yfir vetrartímann í samstarfi við ÍR. Við nýtum okkur grunnskólalóðirnar í nágrenni við okkur og við höfum til afnota útinámssvæði í garðinum í Borg. Leikskólinn er þátttakandi í *Heilsueflandi leikskóli*. Hvíld og slökun er líka mikilvæg og yngri börnin leggja sig eftir hádegismat. Eldri börnin fá annars konar slökun og hvíld með sögustund í smærri hópum.



Sjálfbærni

Leikskólinn hefur það hlutverk að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir áhugasviði þeirra. Starfsfólk leikskóla er hvatt til að undrast með börnunum, ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita lausna. Börn eru sífellt að beita ýmsum aðferðum við að kanna og auka skilning sinn á umhverfi sínu. Þau horfa, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að njóta og upplifa.

Markmið:

Leikskólum ber að skapa eftirfarandi svo börn fái tækifæri til að vinna með og:

- velta vöngum yfir umgengni sinni
- átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nær samfélag geta stuðlað að sjálfbærri þróun
- skilja hringrásir og ferla í náttúrunni
- átta sig á auðlindum náttúrunnar

- velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar
- vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga
- vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölur, ták og myndur
- skoða lífverur í umhverfinu
- vinna með eðli ýmissa krafta og birtingamyndir þeirra í umhverfinu
- skoða eiginleika ýmissa efna
- velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar
- átta sig á rými, fjarlægðum og áttum.



Leiðir:

Þar sem leikskólinn er Skóli á grænni grein og vinnur ötullega að verkefnum Grænfánans er mikil áhersla lögð á sjálfbærni og um leið vísindi. Við leggjum mikla áherslu á flokkun og endurvinnslu og börnin eru virkir þátttakendur í þeirri vinnu. Allur matarúrgangur sem fer frá deildum er settur í moltun og börnin fræðast um leið um ferlið þegar matarleifar rotna.



Lögð er áhersla á að börnin og starfsfólkið tileinki sér þá hugsun að við erum hluti af lausninni í umhverfismálum.

Í grænfánastarfinu vinnum við eftir ákveðnu þema til tveggja ára í senn.

Sköpun og menning

Sköpun og menning er samofin öllu starfi í leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk geri barninu kleift að nálgast viðfangsefnin frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Sköpun er mikilvægur þáttur í lífi barnsins og hvetja skal til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Sköpun byggist á uppgötvun, gagnrýnni hugsun, rannsóknum og ótal aðferðum sem sífellt opna nýjar leiðir. Starfsfólk leikskóla er hvatt til að vera forvitið með börnunum og hafa getu til að leika af fingrum fram. Börn eru gullmolar og það er hlutverk kennara að fá gullið til að glóa. Menning getur verið ólík og ber að virða það, við fögnum fjölbreytileikanum og leggjum áherslu á að það sé sýnilegt í starfinu okkar.

Markmið:

Leikskólum ber að skapa eftirfarandi tækifæri til þess að börn:

- njóti þess að taka þátt í skapandi ferli
- finni ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti

- kynnist og vinni með mismunandi efnivið
- nýti fjölbreytta tækni
- njóti bókmennta, þula, söngva og ævintýra
- læri texta og taki þátt í söng
- skapi og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu
- njóti fjölbreyttrar menningar og lista
- taki virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu
- kynnist listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.



Leiðir:

Í Hálsaskógi er sköpun lykilþáttur í starfinu og mikilvægt er að sköpunargleði hvers og eins fái að njóta sín. Við reynum að hafa viðfangsefnin sem fjölbreyttun og leiðirnar sem farnar eru einnig fjölbreyttar. Áhersla er lögð á að nálgast viðfangsefnin út frá áhugasviði barnanna og að barnið fái tækifæri til að velja sér leiðir og aðferðir. Börnin eru hvött til sköpunar og að nýta sér verðlausan efnivið til þess. Að búa til sögur og lesa sögur eru dæmi um leiðir til að tengja bæði menningu og sköpun inn í starfið auk þess sem það eflir læsi og almenna þekkingu.



MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNNA

Mat á námi, þroska og velferð barna er mikilvægt og felur það í sér að safnað er upplýsingum um alhliða þroska þeirra. Leikskólinn notar þessar upplýsingar til að styðja við nám og velferð barna við skipulagningu leikskólustarfsins og í samstarfi við foreldra. Boðið er upp á foreldrasamtöl að hausti og vori. Samtalið að hausti varðar aðlögun og líðan barnsins og í samtali að vori fá foreldrar frekari upplýsingar um alhliða þroska, nám og líðan barnsins.



Við erum að þróa hjá okkur þá aðferð að notast við námssögur sem matstæki en markmið með námssögum er að greina og meta styrkleika barna, áhuga þeirra og virkni í samvinnu við börnin sjálf. Myndrænar

skráningar eru notaðar til að meta starf og framfarir barna.

TRAS skráningarlistinn er notaður til að fylgjast með stöðu barna í málproska. Hann er athugun (ekki próf) á skráningarformi sem metur málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnu aldursbili. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félags þroska með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

EFI-2 er málþroska skimunarpróf sem er ætlað til að finna þau börn sem víkja hvað mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu. Prófið er tekið á öllum börnum í leikskólanum á fjórða ári.

Hljóm-2 skimun er lögð fyrir elstu börnin í október en prófið kannar hljóðkerfis- og málvitund barna. Hljóm-2 skimar m.a. fyrir lestrarerfiðleikum og getur gefið vísbendingar um áframhaldandi lestrarnám. Þau börn sem koma út í slakri færni fá auka málörvun þar sem unnið er sérstaklega með þessa færni. Að vori er skimunin lögð fyrir aftur og gefur þá betri mynd af stöðu barns.


Bæði EFI-2 og Hljóm-2 er partur af LÆM verkefninu og talmeinafræðingar Suðurmíðstöðvar fylgja niðurstöðum eftir varðandi ráðgjöf og íhlutun.

Stoðþjónusta

Öll börn eiga sama rétt til náms og stuðla skal að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna. Veita skal þann stuðning sem þörf er á svo að barnið geti tekið þátt í daglega starfinu. Ef grunur vaknar um frávík hjá barni fer fram ákveðinn vinnuferill sem er alltaf unninn í samvinnu við foreldra/forráðamenn. Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem heldur utan um sérkennslumál leikskólans í samræði við leikskólastjóra, aðra stjórnendur og Suðurmíðstöð. Á Suðurmíðstöð starfa sérfræðingar sem geta veitt ráðgjöf, leiðbeint og eru samstarfsaðilar okkar.

Innra mat

Mat á innra starfi leikskólans er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi. Á ári hverju er gerð matsáætlun og þar kemur fram hvaða leiðir leikskólinn fer við að meta starfið, jafnt gæði og árangur þess. Markið með matinu er að meta hvort og að hversu miklu leyti markmiðum leikskólans hefur verið náð. Stuðst er við viðmið og vísbendingar fyrir innra mat á gæðum leikskólastarfs sem Reykjavíkurborg hefur gefið út. Notast er við fjölbreyttar aðferðir með gagnaöflun og einnig eru matstækin ólík.



Innra matið er gefið út í starfsáætlun ár hvert þar sem matið er sett upp á skipulegan hátt og skilað til Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar. Foreldrar og aðrir áhugasamir geta nálgast starfsáætlun hvers árs inni á heimasvæði leikskólans.



Áætlun um innra mat

Áætlun um innra mat til næstu 4 ára:

2023-2024	Viðhorfskönnun meðal foreldra
	Próa rafræna gæðahandbók
	Demantsaðferð með börnunum – sýnilegt og virkt
	Endurmat á viðburðum á vegum leikskólans

2024-2025	Viðhorfskönnun meðal starfsfólks
	Nýta rafræna gæðahandbók
	Demantsaðferð með börnunum – sýnilegt og virkt
	Námssögur sem matstæki – hvernig gengur?


2025-2026	Viðhorfskönnun meðal foreldra
	Ferilmöppur barna
	Demantsaðferð með börnunum – sýnilegt og virkt
	Endurmat á viðburðum á vegum leikskólans

2026-2027	Viðhorfskönnun
	Starfsmannahald og starfsánægja
	Demantsaðferð með börnunum – sýnilegt og virkt
	Uppeldisfræðileg stefna leikskólans



Ytra mat

Ytra mat er gert af utanaðkomandi aðila og er þá gerð úttekt á starfsemi leikskólans. Annað hvert ár er framkvæmd viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar. Tilgangurinn er að ná fram viðhorfi starfsmanna til ýmissa þátta, s.s. starfsumhverfi, samskipta og stjórnunarháttá. Rafræn viðhorfskönnun til foreldra er einnig send annað hvert ár og er ætlað að kanna viðhorf foreldra til innra starfs leikskólans. Leikskólinn nýtir sér niðurstöður til gagns og til að bæta og þróa starfið í leikskólanum.



Mennta- og barnamálaráðuneytið lætur reglulega, samkvæmt lögum um leikskóla, fara fram ytra mat. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambandi íslenskra sveitafélaga og Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Framkvæmdin er á

vegum Menntamálastofnunnar og er samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins. Matið er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.



FJÖLSKYLDAN OG SKÓLINN

Foreldrar eru sérfræðingar í sínum börnum og líðan barns í leikskóla er tengd við velferð fjölskyldu þess og heimilis. Strax við upphaf leikskólagöngu er lagður hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og leikskóla. Leikskólinn leggur áherslu á mikilvægi þess að náið samstarf og gagnkvæmt traust skapist við foreldra frá byrjun.



Aðlögun barnsins

Í Hálsaskógi er aðlögunin unnin í samráði við foreldra og heitir það *þátttökuaðlögun*. Þá metum við í samráði við foreldra hvernig staðið skuli að aðlögun barnsins. Foreldrar eru hér í aðalhlutverki og af þeim læra leikskólakennarar og annað starfsfólk að annast barnið og þekkja styrkleika þess og þarfir. Hálsaskógur er með ákveðna verkferla sem stuðst er við í aðlögun barnsins, svo sem lengd viðveru hvern dag fyrir sig og er það einstaklingsbundið hvort barn þurfi lengri eða skemmri tíma í aðlögun.

Kynningafundur og fyrsta viðtal

Leikskólinn býður foreldrum nýrra barna á kynningarfund að vori. Á þessum fundi eru veittar upplýsingar um leikskólastarfið og hvernig aðlögun barnanna verður háttað. Þegar líður að því að barnið hefji leikskólagöngu eru foreldrar boðaðir í foreldraviðtal, svokallað *fyrsta viðtal*. Í því viðtali veita foreldrar starfsfólki upplýsingar um barnið og bakgrunn þess. Foreldrar þeirra barna sem ekki tala íslensku er boðið upp á túlkþjónustu og eins ef notast er við táknmál. Í foreldrahandbók leikskólans er að finna allar helstu upplýsingar um það sem foreldrar þurfa að hafa í huga þegar barn þeirra byrjar í leikskólanum.

Aðlögun á milli húsa

Hálsaskógur er staðsettur í tveimur húsum með einungis einu bílastæði á milli sín. Við leggjum ríka áherslu á að flutningur eða aðlögun barna á milli húsa gangi sem allra best, bæði fyrir börn og foreldra. Við bjóðum foreldrum ásamt barninu í heimsókn að skoða

nýju deildina og að hitta deildastjóra og starfsfólk deildar að hausti. Barnið þekkir sig þó vel þar sem áhersla er á að koma reglulega með barnið í Kot af yngri deildum. Öllum upplýsingum varðandi barnið er komið til skila og mikil áhersla er á gott samstarf um velferð barnsins.



Viðburðir

Í Hálsaskógi eru margar hefðir og hátíðir og brjótum við þannig upp hinn hefðbundna dag. Sumar hefðir hafa fylgt okkur úr hinum gömlu leikskólum Hálsaborg og Hálsakoti en einnig hafa myndast nýjar hefðir. Hér fyrir neðan má sjá helstu viðburði í leikskólanum en listinn er þó ekki tæmandi og reynum við að grípa þau tækifæri sem koma upp hverju sinni. Við erum með nokkra *litadaga* en þá koma börn og

starfsfólk klædd ákveðnum lit en það er þó aldrei skylda.

Litadagar:

- **Grænn dagur – dagur umhverfis**
- **Bleikur dagur – Bleikur október**
- **Rauður dagur – fyrir jólin**
- **Gulur dagur – fyrir páska**
- **Blár dagur – einstakur apríl**
- **Regnbogadagur – 17.maí**



Aðrir viðburðir:

- Foreldrakaffi í október
- 27.október er Bangsa-og náttfatadagur
- 16.nóvember er Dagur íslenskrar tungu
- 20.nóvember er Dagur mannréttinda barna
- Jólaverkstæði í byrjun desember
- Jólball fyrir börnin
- Rafmagnslaus dagur
- Rugldagur á degi leikskólans 6.febrúar ár hvert.
- Höldum upp á þorrann, bollu-, sprengi- og öskudag
- Sokkadagur, mætum í mislitum sokkum 21.mars
- Skógardagur er opinn dagur í apríl en þá bjóða börnin fjölskyldum sínum í heimsókn og sýna afrakstur grænfánastarfsins. Skógardagurinn er framlag okkar til Barnamenningarhátíðar ár hvert.
- Fjölskyldukaffi í maí
- Sumarhátíð 16.júní

- Sveitaferð í maí á vegum foreldrafélagsins
- Ferðahópar og útskriftarferð elstu barnanna
- Útskriftarathöfn elstu barnanna
- Afmælishátíð leikskólans 1.júlí

Afmælisdagur barns er mikilvægur dagur í lífi þess. Í tilefni dagsins býr afmælisbarnið sér til kórónu og fær sérstakt hlutverk í samverustund þar sem sunginn er afmælissöngurinn. Í matartíma fær barnið að velja sér afmælisdisk og afmælisglas sem er litríkur og skemmtilegur borðbúnaður í tilefni dagsins. Mynd er tekin af afmælisbarni dagsins og hún hengd upp í fataklefanum.



Upplýsingaflæði

Við leggjum okkur fram við að veita foreldrum upplýsingar um það sem fram fer í leikskólanum. Deildastjórar allra deilda senda vikulegan tölvupóst á foreldra með upplýsingum um liðna og komandi viku. Þessi póstur er sendur á föstudögum. Völu appið veitir upplýsingar um viðburði á vegum leikskólans en upplýsingar um uppbrotsdaga fara líka alltaf í tölvupósti og á lokaða facebook síðu deilda. Skóladagatal er birt í starfsáætlun hvers árs á heimasvæði leikskólans <https://reykjavik.is/halsaskogur> en auk þess sendum við foreldrum viðburðardagatal leikskólans að hausti.

Inni á Völu appinu er hægt að senda skilaboð á milli leikskóla og foreldra. Starfsmenn geta skráð svefn og hvernig börnin borða yfir daginn en það er bara gert hjá börnum í yngra húsinu. Þar má líka finna matseðil leikskólans og skoða myndir úr leikskólastarfinu.



Foreldraráð

Samkvæmt lögum skal vera starfandi foreldraráð í leikskólum og segir m.a. að kjósa skuli foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði Hálsaskógar sitja fulltrúar foreldra og taka þátt í mótun og ákvarðanatökum um leikskólastarfið. Við leitumst við að hafa fulltrúa af hverri deild, sex fulltrúa. Foreldraráð setur sér starfsreglur í samvinnu við leikskólastjóra sem heldur utan um foreldraráðið.

Foreldrafélagið

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og er það mikilvægur þáttur í okkar starfi og foreldrasamstarfi. Einn fulltrúi af hverri deild er kosinn í félagið á foreldrafundum að hausti. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum fyrir börnin, s.s. jólaskemmtun, sveitaferð, leiksýningum og fl. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um foreldrafélagið og foreldrafélagsgjald er hóflegt og greitt tvisvar sinnum á hverju leikskólaári.

Foreldrafundir

Foreldrafundir fyrir nýja foreldra eru haldnir að vori/sumri eftir innritun barna í leikskólann. Að hausti eru foreldrar boðaðir á foreldrafund þar sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar fara yfir áherslur komandi skólaárs. Þessir fundir eru yfirleitt haldnir snemma morguns.



Foreldrasamtöl

Formleg foreldrasamtöl eru boðuð tvisvar sinnum á leikskólaárinu, að hausti og að vori. Fyrra samtalið er almenns eðlis um hvernig gengur hjá barninu í leikskólanum, samskipti við foreldra og praktískir hlutir. Síðara samtalið er ítarlegra þar sem farið er yfir stöðu barnsins á mismunandi sviðum og farið yfir niðurstöður skimana sem lagðar eru fyrir hér í leikskólanum. Við leggjum þó ríka áherslu á að foreldrar geta alltaf haft samband við okkur varðandi barnið sitt utan hefðbundins samtaltíma. Einnig höfum við frumkvæði að samtali á öðrum tíma ef ástæða þykir til.



SAMSTARF

Tengsl skuli vera á milli skólastiga og leitast skal við að mynda samfellu er barn lýkur leikskólagöngu og byrjar í grunnskóla. Við í Hálsaskógi erum í góðu samstarfi við grunnskólana í hverfinu; Seljaskóla og Ölduselsskóla. Markmið þessa samstarfs er að:

- efla samstarf, samvinnu og samskipti þessara tveggja skólastiga og brúa þannig bilið fyrir börnin áður en þau hefja grunnskólagöngu.
- auka samstarf leik- og grunnskólakennara.

Þessum markmiðum er náð með reglulegum heimsóknnum á milli leik- og grunnskóla strax á haustmánuðum á síðasta leikskólaári barnsins. Skipulagðar eru þrjár heimsóknir þar sem verðandi 1.bekkingar fá innsýn inn í skólastarfið en auk þess erum við dugleg að fara með börnin að leika á skólalóðum beggja skólanna.

Fyrir utan þessar reglubundnu heimsóknir er leikskólinn í samstarfi við Ölduselsskóla með valgrein unglिंगadeildarinnar sem nefnist *Aðstoð í leikskóla*. Þá fáum við nemendur á aldrinum 14-16 ára sem fá að spreyta sig og kynna starfi með ungum börnum. Þeim eru kynntir möguleikar í starfi í leikskóla í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur að sumri.

Nemendur í 7.bekk í Ölduselsskóla koma til okkar og lesa barnabók fyrir hópana okkar í tengslum við dag íslenskrar tungu og upplestrarkeppni grunnskólana.

Við erum í góðu samstarfi við bókasafnið í Seljaskóla og förum reglulega í lestrarstundir þar.

Einnig er formlegt samstarf á milli leikskólanna í hverfinu og er samstarfið margþætt. Markmið samstarfsins er að nýta þann mannauð sem starfsfólk skólanna hefur að geyma og efla á þann hátt lærdómssamfélagið .

Stjórnendur leikskólanna eiga einnig með sér farsælt og gott samstarf til að ræða

starfstengd mál og er fundað reglulega yfir starfsárið.

Leikskólinn á marga góða samstarfsaðila bæði úr nærumhverfinu sem og öðrum hverfum borgarinnar. Samstarfið er mikilvægt, það styður við fagmennsku, þekkingu og fjölbreytni í uppeldisstarfinu. Okkar helstu samstarfsaðilar eru:

- Suðurmiðstöð
- Heilsugæslan
- Velferðarsvið
- Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins
- Frístundaheimilin í Seljahverfi
- ÍR
- Seljahlíð
- Menningarmiðstöðin í Gerðubergi
- Árbæjarsafn
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Þjóðleikhúsið
- Borgarleikhúsið
- Harpa
- Norræna húsið
- Bakameistarinn



SKÓLASÖNGUR HÁLSASKÓGAR

Skólasöngur Hálsaskógar er tiltölulega nýr en fyrsta erindið og viðlagið var samið þegar leikskólinn vann að þema um **átthaga og landslag** í grænfánastarfinu snemma árs 2021. Öll orðin í textanum eru fengin frá börnunum í Koti en það var Þórir Garðarsson starfsmaður sem samdi lagið og útfærði. Síðara erindið bættist svo við síðla árs 2022 þegar þemað í grænfánastarfinu var **vatn og orka**. Lagið er umhverfissáttmáli Hálsaskógar og um leið skólasöngur. Börnin tengja vel við textann í gegnum starfið þar sem umhverfismennt er í hávegum höfð. Hver veit nema fleiri erindi bættist við?



MÓÐIR JÖRÐ

Jörðin er með blóm og gras

Jörðin er með mosa og maðk

Sól og vatn og skógardýr

Kannski hafmeyjur og sæskrímsli

Við erum góð við móður jörð

Og alla hennar dýrahjörð

Við tinum rusl og setjum tré

Og vökvum svo þau verði stór og sterk

Rigningin er blaut og blá

Dropinn datt úr skýi í sjó

Í pollunum við stöppum smá

Svo flýgur dropinn upp á annað land

Við erum góð við móður jörð

Og alla hennar dýrahjörð

Við tinum rusl og setjum tré

Og vökvum svo þau verði stór og sterk

Texti: Börnin í Koti Lag: Þórir Garðarsson